



# Framkvæmda- fréttir 21. tbl. /04



Rögnvaldur Jónsson  
framkvæmdastjóri tæknisviðs  
Vegagerðarinnar og ritari  
Norræna vegtæknisambandsins  
skrifar



## Ráðstefna Norræna vegtæknisambandsins, NVF

Ráðstefna NVF var haldin 7.-9. júní í Bella Center í Kaupmannahöfn. Ráðstefnugestir voru um þúsund og þar af 56 frá Íslandi. Slíkar ráðstefnur eru haldnar á fjögurra ára fresti en árið 2000 var samskonar ráðstefna haldin í Malmö. Í lok ráðstefnunnar afhenti vegamálastjóri Danmerkur Henning Christiansen vegamálastjóra Finnlands Eero Karjaluo tofána NVF og fundarhamar en Finnar munu leiða starf NVF næstu fjögur árin og boðaði vegamálastjórinn til ráðstefnu í Helsinki 9.-11. júní 2008.

NVF ráðstefnan er sú stærsta sinnar tegundar sem haldin er í norður Evrópu en að henni standa öll 6 Norðurlöndin. Fjallað er um allt sem varðar vegasamgöngur og t.d. greina nefndir NVF frá starfsemi sinni síðustu fjögur árin. Í tengslum við ráðstefnuna var sýning um 50 fyrirtækja og stofnana. Öll erindi voru þýdd á ensku þannig að margir utan Norðurlandanna sóttu hana.

Að flestra álitu tókst ráðstefnan vel og mörg fróðleg erindi voru flutt og margt forvitnilegt var að sjá á sýningunni.

Í kvöldverði stjórnar NVF heiðraði stjórnin Stefán Hermannsson fyrrverandi borgarverkfræðing fyrir langt og gott starf innan samtakanna en Stefán var fyrsti Íslendingurinn sem tók þátt í nefndarstarfi á vegum NVF og starfaði óslitið í samtökunum í meira en 30 ár.

Vegagerðin leigði sýningarbás og sýndu þar einnig fyrirtækin *Teikn á lofti* og *ND á Íslandi*. Vegagerðin sýndi í Power Point myndaröð ýmsar upplýsingar sem hún hefur þróað til nota fyrir vegfarendur. *Teikn á lofti* kynnti þjónustu sína sem og nýjan hugbúnað sem miðar að því að birta landupplýsingar og tengd staðbundin gögn á notendavænan hátt á Internetinu. *ND á Íslandi* sýndi SAGA kerfið sem sýnir akstursmáta ökumanns, staðsetningu bíls og tíma ásamt notkun við varúðar og hættumerkingar á vegakerfinu. Á sýningunni voru einnig sýndir bílar sem nota vetni og gas. Íslensku sýnendurnir voru ánægðir með viðtökurnar.

Gefið var út ráðstefnublað á meðan á ráðstefnunni stóð og geri ég hér á eftir grein fyrir nokkrum áhugaverðum fréttum sem birtust í blaðinu.

- Danska vegagerðin kynnti nýja heimasíðu fyrir vegagerðina sem á að vera einfaldari í notkun og ná betur til hins almenna borgara. Netfangið er „www.vejdiretoratet.dk“.
- Fjörugar umræður urðu í pallborðsumræðum um hlutverk stjórnámálanna og vegagerðarmanna. Norskur fyrirlsari sagði að stjórnámálammenn ættu að leggja línurnar og taka ákvarðanir og ekki að skipta sér af skipulagningunni (planning) því þá gengju hlutirnir ekki vel. Fyrirlsaramir voru á því að stjórnámálammenn ættu að forgangsraða en það væri hlutverk vegagerðanna að útvega þeim góðar upplýsingar.
- Lögð var áhersla á að skipuleggja betur viðhald vega og nýta rétt stjórnáttaki við þá vinnu. Fyrirtækið Carl Bro sýndi viðhaldsforritið RoSy en það er notað af Vegagerðinni hér á landi. Þetta forrit nýtir upplýsingar um ástand vega til að finna leiðir til að viðhalda verðmæti veganna á sem hagkvæmasta máta.
- Lögð var áhersla á að allar tegundir samgangna verði skipulagðar á þann hátt að tekið sé tillit til heildarinnar. Talið var nauðsynlegt að rannsaka mun meira alla þætti samgangna með tilliti til hagkvæmstu kosta hverju sinni.
- Í dag hafa allar norrænu þjóðirnar einhverja gerð af framtíðarsýn (vision) fyrir umferðaröryggi sem meira og minna er byggð á núllsýn Svía. Að hafa slíka framtíðarsýn að enginn slasist alvarlega eða látist í umferðarslysum hefur haft mjög mikil áhrif á alla skipulagningu og vinnu við bætt umferðaröryggi. Almennigur hefur séð mikilvægi þessa starfs þó margar gagnrýnisraddir heyrst.
- Mikið var rætt um ný samskiptaform á milli verkkaupa og verktaka sem byggjast á gagnkvæmu trausti og samvinnu.

*framhald á baksíðu*



## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 21. tbl. 12. árg. nr. 378 12. júlí 2004

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: **Gutenberg**

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Auglýsingar útboða

### Öndverðarnesvegur, Biskupstungnabraut - golfskáli 2004 04-065

Vegagerðin, f.h. Múrarafélags Íslands og Múrarameistarafélags Íslands, óskar eftir tilboðum í gerð Öndverðarnesvegar, frá Biskupstungnabraut að golfskála, um 1,2 km.

Helstu magntölur eru:

Fláafleygar	900 m <sup>3</sup>
Skeringar	1.405 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag, óunnið efni	3.510 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag, unnið efni	790 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	6.600 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	6.770 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 12. júlí 2004, Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 27. júlí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur, 2004-2007 04-037

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur og hálkuvörn með vörubifreiðum, eftirlit og stjórnun á Norðurlandi vestra innan ramma marksamnings á eftirtöldum leiðum.

Helstu magntölur eru:

1. Hringvegur	84 km
2. Skagastrandarvegur	20 km
3. Þverárfjallsvegur	37 km
4. Sauðárkróksbraut	24 km
5. Skagafjarðarvegur	10 km
6. Siglufjarðarvegur	22 km

Verktími er frá 1. október 2004 til 30. apríl 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 12. júlí 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 27. júlí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Staða framkvæmda við Almannaskarðsgöng 5. júlí 2004. Samtals er búið að sprengja 188,5 m sem gerir 16,4%.

### Hringvegur (1), hringtorg við Kirkjubæjarklaustur 04-061

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið: „Hringvegur (1), hringtorg við Kirkjubæjarklaustur“. Um er ræða gerð hringtorgs norðaustan við Klausturskála, tengingu að Kirkjubæjarklaustri norðan skálans, aðlögun Geirlandsvegar og Hringvegar að torgi, tengingar að Klausturskála og götu í iðnaðarhverfi.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	1.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	3.800 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	600 m <sup>3</sup>
Klæðing	2.452 m <sup>2</sup>
Malbik	5.190 m <sup>2</sup>
Kantsteinar	487 m
Hellulögn	560 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 12. júlí 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 27. júlí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Niðurstöður útboða

### Mástunguvegur (329), Gnúpverjavegur - Laxárdalur 2 04-057

Tilboð opnuð 6. júlí 2004. Verkið: „Mástunguvegur (329), Gnúpverjavegur - Laxárdalur 2“.

Um er ræða endurbyggingu vegarins á 2,2 km kafla með malarslitlagi. Þá skal og brjóta niður brú á Tunguá (við Stóru-Mástungu) og setja nýtt ræsi í staðinn. Auk þess skal setja malarslitlag á 4 km til viðbótar.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	13.145 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	3.585 m <sup>3</sup>
Skeringar	16.450 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag, óunnið efni	8.360 m <sup>3</sup>
Malarslitlag, óunnið efni	3.000 m <sup>3</sup>
Ræsi	174 m

Verki skal að fullu lokið 10. september 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
5	Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi	16.520.500	113,6	3.188
4	Gröfutekni ehf., Flúðum	15.298.910	105,2	1.967
---	Áætlaður verktakakostnaður	14.540.250	100,0	1.208
3	Nesey ehf., Selfossi	13.786.700	94,8	455
2	Sigurjón Hjartarson, Brjánsstöðum II	13.770.680	94,7	439
1	Vélgrafan ehf., Selfossi	13.332.110	91,7	0

## Kjalvegur (35), þjónustumiðstöð - Háalda 2004

04-056

Tilboð opnuð 29. júní 2004. Verkið: „Kjalvegur (35) þjónustumiðstöð - Háalda 2004“.

Helstu magnþölur eru:

Neðra burðarlag, óunnið efni	10.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag, unnið efni	5.000 m <sup>3</sup>
Ræsi	54 m
Tvöföld klæðing	41.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Sigurjón Hjartarson, Brjánsstöðum	20.332.000	127,2	1.472
2 Vörubílstjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	19.304.000	120,8	444
1 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	18.860.000	118,0	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	15.980.950	100,0	-2.879

## Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging 2. áfangi

03-010

Tilboð opnuð 29. júní 2004. Verkið: „Kjósarskarðsvegur (48). Endurbygging 2. áfangi“.

Helstu magnþölur eru:

Bergskeringar	5.300 m <sup>3</sup>
Fyllingar	37.000 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	21.700 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	50.000 m <sup>2</sup>

Gerð fyllinga og neðra burðarlags ásamt niðurstetningu ræsa skal lokið 30. nóvember 2004.

Verki skal að fullu lokið þann 15. júlí 2005.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	50.000.000	100,0	15.122
9 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi	45.000.000	90,0	10.122
8 Berglín ehf., Stykkishólmi	44.713.050	89,4	9.835
7 Sigurjón Á. Hjartarson, Selfossi	42.974.500	85,9	8.096
6 Þróttur ehf., Akranesi	41.685.920	83,4	6.808
5 Vörubílstjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	41.571.500	83,1	6.693
4 Tönnin ehf., Reykjavík	40.190.700	80,4	5.312
3 Fjörður ehf., Varmahlíð, Skagafirði	38.508.090	77,0	3.630
2 Fylling ehf., Hólmavík	37.573.540	75,1	2.695
1 KNH ehf., Ísafirði	34.878.380	69,8	0

## Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008

04-054

Tilboð opnuð 29. júní 2004. Snjómokstur með vörubifreiðum á Vesturlandi innan ramma marksamnings á eftirtöldum leiðum.

1. Snæfellsnesvegur/Útnesvegur, Ólafsvík-Fróðárheiði-Hellnar-Arnarstapi 35 km
2. Snæfellsnesvegur, Útnesvegur-Vatnaleið (norðan) ... 48 km
3. Snæfellsnesvegur/Vatnaleið, Vegamót-Stykkishólmur-Bíldhóll .. 72 km
4. Snæfellsnesvegur/Vestfjarðavegur/-Laxárdalsvegur Bíldhóll-Búðardalur-Djúpvægur .... 73 km

Verktími er frá 1. nóvember 2004 til 30. apríl 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
<b>Leið 1</b>			
4 Stórátak ehf., Ólafsvík	4.520.800	166,7	2.021
3 Berglín ehf., Stykkishólmi	3.951.800	145,7	1.452
2 Dodds ehf., Grundarfirði	2.966.000	109,4	467
--- Áætlaður verktakakostnaður	2.711.800	100,0	212
1 Rávik ehf., Grundarfirði	2.499.480	92,2	0

### Leið 2

5 Stórátak ehf., Ólafsvík	3.920.000	195,0	2.087
4 E.B. vélar ehf., Stykkishólmi	3.277.500	163,1	1.445
3 Berglín ehf., Stykkishólmi	2.410.500	119,9	578
2 Dodds ehf., Grundarfirði	2.015.000	100,2	182
--- Áætlaður verktakakostnaður	2.010.000	100,0	177
1 Rávik ehf., Grundarfirði	1.832.750	91,2	0

### Leið 3

6 Velvek ehf., Borgarnesi	4.830.200	143,2	2.084
5 Berglín ehf., Stykkishólmi	3.474.800	103,0	729
--- Áætlaður verktakakostnaður	3.373.000	100,0	627
4 Páll Sigurðsson ehf., Stykkishólmi	3.258.800	96,6	513
3 Rávik ehf., Grundarfirði	3.220.400	95,5	474
2 Dodds ehf., Grundarfirði	3.163.400	93,8	417
1 E.B. vélar ehf., Stykkishólmi	2.746.100	81,4	0

### Leið 4

2 Velvek ehf., Borgarnesi	5.391.000	416,3	3.897
1 Jóhann Guðlaugsson, Búðardal	1.494.000	115,4	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	1.295.000	100,0	-199



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeldar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:
	dagur, mánuður, ár
04-060 Landeyjavegur (252), Akureyjavegur - Grímsstaðavegur	04
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	04
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	04
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svinahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
04-061 Hringvegur (1), hringtorg við Kirkjubæjarklaustur	12.07.04	27.07.04
04-065 Öndverðarnesvegur, Biskupstungnabraut - golfskáli 2004	12.07.04	27.07.04
04-037 Vetrarþjónusta Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur, 2004-2007	12.07.04	27.07.04
04-043 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, eftirlit	28.06.04	20.07.04
04-023 Óshlíð, snjóflóðaskápar	28.06.04	13.07.04
04-058 Vestfjarðavegur (60), brú á laxá í Króksfirði, niðurrekstrarstaurar	28.06.04	13.07.04
04-059 Þjórsárdalsvegur (32), Skeiðavegur - Stóra-Núpsvegur	28.06.04	13.07.04
04-039 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut	21.06.04	13.07.04

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
04-057 Mástunguvegur (329), Gnúpverjavegur - Laxárdalur 2	21.06.04	06.07.04
03-010 Kjósarskarðsvegur (48), endurbýgging, 2. áfangi	14.06.04	29.06.04
04-056 Kjalvegur (35), þjónustumiðstöð - Háalda 2004	14.06.04	29.06.04
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008	14.06.04	29.06.04
03-095 Mjóafjarðarvegur (953) ofan Klifbrekku	07.06.04	22.06.04

Útboð á samningaborði, frh.	Auglýst:	Opnað:
04-053 Brú á Búðará í Reyðarfirði, framleiðsla niðurrekstrarstaura	01.06.04	15.06.04
04-052 Loftmyndataka og stafrænn kortgrunnur 2004	01.06.04	15.06.04
04-051 Brú á Fjarðará í Siglufirði	24.05.04	15.06.04
04-048 Borgarfjarðarbraut (50) um Kleppjárnsreyki, öryggisaðgerðir	10.05.04	25.05.04
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik	10.05.04	25.05.04
04-010 Efríbyggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004	19.04.04	04.05.04


Samningum lokið	Opnað:	Samið:
04-002 Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell Jörvi ehf., Hvanneyri	04.05.04	03.06.04
03-033 Ólafsfjarðarvegur (82) um Hörgá Mikael ehf., Höfn	18.05.04	05.07.04
04-008 Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004 KNH ehf., Ísafirði	01.06.04	25.06.04
04-046 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, klæðing Klæðning ehf., Kópavogi	01.06.04	24.06.04
04-009 Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004 KNH ehf., Ísafirði	25.05.04	25.06.04
04-050 Snæfellsnesvegur (54) um Grundarfjörð, öryggisaðgerðir Öllum tilboðum hafnað	01.06.04	15.06.04

### framhald af forsíðu

Einnig var sagt frá reynslu þjóðanna af „Public Private Partnerships“ (PPP) og voru fyrirlesarar sammála því að það væri góð leið til að fjármagna stór verk og í mörgum tilfellum væri um ódýrari aðferð að ræða. Einn ræðumaður sagði að líkja mætti PPP við eftirfarandi: „Partnering is like The Egg of Columbus of the Road Sector. Principal and contractor come together with open minds, love and trust“.

• Maria Maack hélt erindi um áætlanir íslenskra stjórnvalda að gera Ísland að vetnissamfélagi í framtíðinni. Hún sagði frá þeim tilraunum sem gerðar hafa verið með notkun á vetni sem orkugjafa og taldi að ekki væri óraunhæft að ná þessu markmiði árið 2050. Hún sagði að kostirnir væru margir, m.a. engin mengun og hávaði verður minni frá umferðinni.

Á ráðstefnunni voru veitt tvenn verðlaun, önnur fyrir brúarhönnun og hin fyrir rannsóknarverkefni fyrir bundin slitlög. Dr. Risto Kiviluoma frá Finlandi hlaut verðlaun fyrir hönnun brúar en íslenskur nemandi við Tækniháskólann í Kaupmannahöfn DTU Harpa Birgisdóttir sem keppti fyrir Dani hlaut verðlaunin fyrir rannsóknarverkefnið.



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 5. júlí 2004. Samtals er búið að sprengja 5.109 m sem gerir 89,7%.